



Hermína Gunnþórsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: „*Kennarinn*



í skóla án aðgreiningar. Þekking, skilningur og hugmyndir kennara um menntun án aðgreiningar“ föstudaginn 20. júní kl. 10:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Andmælendur eru dr. Geert Van Hove prófessor, Ghent háskóla í Belgíu, og dr. Elizabeth Kozleski, prófessor, Kansas háskóla, Bandaríkjunum.

Leiðbeinendur voru dr. Dóra S. Bjarnason, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þess sat í doktorsnefndinni dr. Julie Allan frá Sterling Háskóla, Skotlandi.

Dr. Hanna Ragnarsdóttir prófessor deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar við Menntavísindasvið, stjórnar athöfninni

Allir velkomnir

Föstudaginn 20. júní 2014, kl. 10:00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá ver Hermína Gunnþórsdóttir doktorsritgerð sína *Kennarinn í skóla án aðgreiningar. Þekking, skilningur og hugmyndir kennara um menntun án aðgreiningar / The teacher in an inclusive school Exploring teachers' construction of their meaning and knowledge relating to their concepts and understanding of inclusive education*

Um verkefnið

Kennarinn í skóla án aðgreiningar. Þekking, skilningur og hugmyndir kennara um menntun án aðgreiningar

Doktorsritgerð þessi greinir frá rannsókn á hugmyndum grunnskólakennara um hugmyndafræðina að baki skóla án aðgreiningar og hvernig hún endurspeglast í faglegum starfsvenjum þeirra og sýn á menntun.

Megintilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvernig menning og opinber menntastefna orkar á og mótar hugmyndir og skilning kennara á kennarahlutverkinu í skólum sem ætlað er að starfa í anda skóla án aðgreiningar. Rannsóknarspurning verksins í heild lýtur að því hvernig kennarar móta skilning sinn og þekkingu í tengslum við hugmyndir sínar um skóla án aðgreiningar.

Gögnin eru eigindleg viðtöl, kennsluskráning (teaching logs), opinber skjöl, svo sem lög, reglugerðir og námskrár, og fjölmiðlaefni (blaðagreinar). Félagslegum mótunarkenningum og sjónarhorni póststrúktúralisma var beitt við greiningu gagnanna. Niðurstöðurnar eru kynntar í einum bókarkafli og tveimur tímaritsgreinum, sem hver um sig visar til afmarkaðs þema og viðeigandi rannsóknarspurninga.

Fyrsta þemað fjallar um hvernig íslenskir og hollenskir kennarar móta þekkingu, skilning og hugmyndir um kennarann í skóla sem stefnir að því að verða án aðgreiningar. Þema tvö fjallar um orðræðu íslenskra kennara um skóla án aðgreiningar – möguleika, takmarkanir og tengsl við hina opinberu orðræðu. Í þema þriðju er áhersla á faglega starfshætti kennara og sjónarmið í tengslum við hugmyndir þeirra um skóla án aðgreiningar.

Rannsóknin er fræðilegt og hagnýtt framlag til áframhaldandi umræðu um skóla án aðgreiningar, eðli slíks skóla og umfang. Vonast er til að þessi rannsókn varpi ljósi á möguleika og mótsagnir skólastarfs án aðgreiningar og verði þannig til hagsbóta fyrir kennara, foreldra, fræðafólk og stefnumótendur.

Rannsóknin var styrkt af RANNÍS – Rannsóknarnámssjóði og Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Enska

The teacher in an inclusive school Exploring teachers' construction of their meaning and knowledge relating to their concepts and understanding of inclusive education

This PhD research comprises a doctoral study focusing on primary school teachers' ideas on the ideology of inclusive education and how these are reflected in their professional work habits and notions of education.

The general purpose of the study was to explore the interplay between national education policy and teachers' perceptions of their role in the inclusive school. The main research question for the overall project is how teachers construct their meaning and knowledge relating to their concepts and understanding of inclusive education.

The study is framed within an interpretive paradigm, informed by the theoretical perspectives of social constructionism and post-structuralism. Data were collected through qualitative interviews, teaching logs, document and media article analysis. The findings are introduced in one book chapter and two research journal articles, each representing one particular theme with reference to the research questions.

The first theme deals with the social construction of the teacher in the inclusive school – the cases of Iceland and the Netherlands. Theme two focuses on Icelandic teachers' discourse on inclusive education – its possibilities, limits, and relationship with the official dialogue. In theme three the researcher explores Icelandic teachers' professional practices and perspectives in relation to their ideas about inclusive education.

The study makes a theoretical and practical contribution to the continuing debate about inclusive education, its nature and extent, for the benefit of teachers, parents, researchers and policy-makers.

Um doktorsefnið

Hermína Gunnþórsdóttir, fædd 3. desember 1966.

Hún lauk BA- próf í íslensku frá HÍ 1991, Uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda frá HÍ 1992 Hermína var í doktorsnámi við University of London, Institute of Education, 2006-2010 og síðan í doktorsnámi við Menntavísindasvið HÍ 2011-2014. Hermína er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri og hefur sinnt stundakennslu við Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar í kennslu og rannsóknum tengjast skóla, menntun og samfélagi án aðgreiningar.